


Fluga og net ehf
Hverfisgata 42
220 Hafnarfjörður
Iceland



Reykjavík, 12. júní 2014
Tilvísun: UST20140600028/há

Umsókn um leyfi til sleppingar allt að 1500 laxaseiða á ári til ársins 2018 í Vatnsdalsá á Barðarströnd í Vatnsfirði

Umhverfisstofnun vísar í erindi Flugu og nets ehf. dags 4. júní sl. þar sem óskað er eftir leyfi til sleppingar allt að 1500 laxaseiða á ári úr stofni úr Langá, skv. ráðleggingu ráðgjafa. Í erindi kemur fram að tímasetning verkefnisins sé frá árinu 2013 til ársins 2018.

Náttúruminjar

Vatnsfirður er friðland sbr. auglýsing nr. 96/1975 í Stjórnartíðindum B. Um friðlandið gilda m.a. eftirfarandi reglur:

„Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu“.

Einnig kemur fram í friðlýsingarskilmálum að veiði á fugli og fiski sé óheimil án leyfis.

Á Patreksfirði starfar sérfræðingur Umhverfisstofnunar sem hefur umsjón með friðlýstum svæðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Í eftirliti landvarða í Vatnsfirði sumarið 2013 kom í ljós að þegar var hafin fiskirækt í ánni á vegum Flugu og nets ehf. sem síðar kom í ljós að hafi misfarist. Ekki var sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir þeirri framkvæmd og sendi stofnunin í kjölfarið erindi til Flugu og nets ehf. dags. 26. nóvember sl. og benti á að sækja þurfi um leyfi fyrir framkvæmdinni til Umhverfisstofnunar.

Eins og áður hefur komið fram í fyrrnefndu erindi Umhverfisstofnunar til Flugu og nets ehf., þá telur stofnunin að slepping 1500 laxagönguseiða á vatnasvæði Vatnsdalsvatns á fimm árum gæti, eðli málsins samkvæmt, haft áhrif á núverandi dýralíf svæðisins og vistkerfi þess.

Lýsing framkvæmdar

Um er að ræða fiskiræktun á laxi til 5 ára af eldisstofni úr eldisstöð á Laxeyri á Vesturlandi. Áætlað er að sleppa 1500 seiðum árlega næstu 5 árin í Vatnsdalsá. Að auki er áætlað að grafa hrogn eftir tilsogn sérfræðings Hólaskóla. Girðing verður sett þvert yfir sleppitjörn, sem fjarlægð verður eftir sleppingu í júlí.

Í erindinu segir að sérfræðingur Veiðimálastofnunar hafi komið í tvígang á svæðið og rafveitt og að ætlunin sé að halda áfram að fylgjast með framgangi laxaseiðanna. Einnig er teljari í ánni sem telur laxana og mælir þannig árangur sleppinganna. Í erindinu kemur fram að Fluga og net ehf. muni stýra veiðum þannig að öllum hrygnum verði sleppt og eingöngu er leyfð veiði á fluguagn í ánni. Tilgangur fiskiræktarætlunar er að endurheimta lax til stangveiði og byggja upp sjálfbærar laxastofn. Í erindinu segir að í ánni hafi gengið skv. teljara, 150-400 laxar á ári frá árinu 2002. Árið 1962 var sleppt stofni úr Kollafirði, en síðar gekk lax sem slapp úr laxeldisstöð í firðinum í ánni úr Víðidal.

Áhrifamat

Umsóknaraðili, Fluga og net ehf., hefur þegar sött um leyfi til Fiskistofu þann 17. maí 2013. Í svari Fiskistofu 24. maí 2013 kemur m.a. fram: „*Með vísan til ofan nefndrar umsagnar Veiðimálastofnunar og 8-10. greinar laga nr. 58/2006 um fiskirækt getur Fiskistofa fallist á að landeigendur á vatnasvæði Vatnsdalsvats sleppi allt að 1500 laxagönguseiðum af Vesturlandsstofni á svæðinu á árunum 2013 til 2017. Hafa skal samráð við sérfræðinga um það hvaða stofnar úr fiskeldisstöðinni á Laxeyri henti best til sleppinga og hvenær tímabært er að taka klaklax á svæðinu í heim tilgangi að byggja upp sjálfbærar heimastofn.*“ Umhverfisstofnun bendir á að í svari Fiskistofu hér að ofan kemur fram að Fiskistofa geti fallist á seiðasleppingar á svæðinu á árunum 2013 til 2017. Í umsókn Flugu og net ehf. til Umhverfissofnunar er sött um leyfi til seiðasleppingar til ársins 2018.

Í umsögn Veiðimálastofnunar dagsett 22. maí 2013 segir m.a.: „*Uppruni laxastofnsins í Vatnsdalsá er óþekktur. Vitað er að Kollafjarðalaxi var sleppt í ánná árið 1962. Hugsanlega hefur einhver náttúrulegur stofn verið til staðar neðan við fossinn, sem er um 300 m fyrir ofan ós árinnar í sjó. Fiskeldi var stundað í nágrenni árinnar um skeið og er líklegt að lax af þeim stofni hafi borist í ánná í kjölfarið. Sá lax var að stofni til úr Víðidalsá í Húnnavatnssýslu.*“ Enn fremur segir: „*Í ljósi þess að uppruni laxastofns Vatnsdalsár er mjög óljós og mjög stuttur tími er liðinn frá því að lax fór að nema land á vatnasvæðinu kemur til álita að nota stofn annars staðar frá (Vesturlandi) þar sem nokkur vafi leikur á um hvort um sérstakan stofn sé að ræða á vatnasvæðinu. Þar sem stofninn á svæðinu er enn lítt og ekki upprunalegur má jafnvel færa rök fyrir því að œskilegt væri að breikka erfðamengið, en jafnframt að það sé gert í smáum stíl. Notkun aðkomustofna þegar á er að fullu numin laxi er hins vegar óæskileg og landeigendur eru eindregið hvattir í framtíðinni til að leita annarra leiða við fiskirækt á vatnasvæðinu. Markmiðið hlýtur að vera að laxastofn nái að myndast sem aðlagast og þróast í því náttúrulega umhverfi sem er til staðar á vatnasvæði árinnar og að nýtingin miðist við að vera sjálfbær líkt og lög gera ráð fyrir.*“

Niðurstöður

Umhverfisstofnun bendir á að í leyfi frá Fiskistofu til Flugu og nets ehf. dags 17. maí 2013 kemur fram að Fiskistofa geti fallist á seiðasleppingar á svæðinu til ársins 2017. Umhverfisstofnun telur rétt að miða leyfi stofnunarinnar við sama tímabil. Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í áliti Veiðimálastofnunar að: „*Markmiðið hlýtur að vera að laxastofn nái að myndast sem aðlagast og þróast í því náttúrulega umhverfi sem er til staðar á vatnasvæði árinnar og að nýtingin miðist við að vera sjálfbær...*“ enda er lögð áhersla á vernd lífríkis í friðlöndum svo sem í Vatnsfirði skv. lögum, nr. 44/1999 um náttúruvernd.


Umhverfisstofnun telur, í ljósi þess sem hefur komið fram og með tilliti til þeirra álita sem fyrir liggja, litla hættu á því að framkvæmdin komi til með hafa neikvæð áhrif á lífríki svæðisins, ef unnið er estir þeim sérfræðiálitum sem fyrir liggja.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi þetta tekur ekki til fiskveiða en samkvæmt friðlýsingarskilmálum eru veiðar á fisk óheimilar innan friðlandsins nema með leyfi.

Stofnunin veitir því fyrir sitt leiti leyfi fyrir sleppingu 1500 laxaseiða á ári af stofni úr fiskeldisstöðinni Laxeyri í samræmi við leyfi Fiskistofu, eða til ársins 2017 og umsögn Veiðimálastofnunar með eftirfarandi skilyrðum:

- Að öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lámarki
- Að öll ummerki verði afmáð að framkvæmd lokinni
- Að Umhverfisstofnun verði upplýst um framvindu verkefnisins

Virðingarfallst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur